



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 30. september 2025

SFS25080245

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um kynningu á leikskóladeildinni Lyngási

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

Hvernig er kynningu á leikskóladeildinni Lyngási fyrir fötluð börn háttað á vegum Reykjavíkurborgar?

Svar:

Lyngás er sérhæft úrræði fyrir langveik og alvarlega fötluð börn sem geta ekki farið í almennan leikskóla. Um er að ræða dagrými í sérhæfðri þjónustu fyrir börn á leikskólaaldri en ekki leikskóla í skilningi laga um leikskóla nr. 90/2008. Úrræðið er ekki sérstaklega auglýst þar sem þjónustuhópurinn er mjög þröngur og berast umsóknir um vistun fyrir tilstilli Ráðgjafar- og greiningarmiðstöð ríkisins, Landspítala eða ráðgjafa á miðstöðvum borgarinnar. Þjónustan byggir á [þjónustusamningi](#) velferðarsviðs Reykjavíkur við Ás styrktarfélag og heyrir undir [lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018](#) og [reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra](#).



Reykjavík